

109 mánuði 1912, enda hafði hún þá dvalið samfleytt í Reykjavík frá því í nóvembermánuði árið 1902. Byggið þjer úrskurð yðar á því, að fátækranefnd Reykjavíkur hafi talið, að Guðvarði einum væri veittur styrkurinn í júní f. á., og því verði ekki talið, að Guðlín hafi þegið hann.

Stjórnarráðið getur nú ekki fallist á það, að misskilningur fátækra-
stjórnar Reykjavíkur á fátækralögnum eigi að hafa áhrif á framfærslurjett Guðlínar, þar sem telja verður, eins og að framan segir, að styrkurinn hafi meðfram verið veittur til framfærslu barna hennar, og hún því hafi ekki dvalið, eftir því sem á undan greinir, 10 ár samfleytt í Reykjavíkurkaupstað án þess að þiggja styrk fyrir skyldulið sitt, og kemur í þessu efni ekki til greina, þótt styrkurinn sje ekki afturkræfur af framfærslusveitinni vegna formgalla við veiting hans. Það verður því að líta svo á, að Guðlín hafi ekki verið búin að vinna sjer sveit í Reykjavíkurkaupstað þegar henni var veittur styrkurinn þar í desember f. á. Og þar sem því hefir ekki verið haldið fram, að hún hafi unnið sjer sveit annarsstaðar, enda engin ástæða til að ætla það eftir æfiferilsskýrslu hennar, verður að telja hana sveitlæga í fæðingarhreppi sínum, Skilmannahreppi í Borgarfjarðarsýslu, og ber þeim hreppi þá að endurgjalda $\frac{2}{3}$ af hinum veitta styrk.

Samkvæmt þessu úrskurðast hjermeð, að umrædd Guðlín Helgadóttir skuli teljast sveitlæg í Skilmannahreppi, og að þeim hreppi beri að endurgjalda Reykjavíkurkaupstað framangreindan styrk, veittan í desembermánuði f. á., með 13 kr. 33 aurum.

Þetta er yður hjermeð tjáð til leiðbeiningar og birtingar fyrir hreppsnefnd Skilmannahrepps

110 Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu um innflutning á hundi.

Stjórnarráðinu hefir borist beiðni frá Boga Magnússyni á Skarði, um að honum verði leyft að flytja í land í Stykkishólmi hund frá Danmörku.

Eftir að hafa leitað álits dýralæknisins í Reykjavík um þetta mál, hefir stjórnarráðið samkvæmt lögum nr. 56 frá 10. nóv. 1905, sbr. lög nr. 25, 9. júlí 1909, veitt leyfi til þessa með eftirfarandi skilyrðum:

1. að hundurinn sje fluttur frá Danmörku beint til Íslands, og að honum fylgi heilbrigðisvottorð frá lögskipuðum dýralækni þar, og
2. að hjeraðslæknirinn í Stykkishólmi skoði hundinn og álití hann heilan heilsu og síðan sje hundinum haldið í sóttkvi vikutíma þannig, að hann komi ekki saman við aðra hunda, og undir umsjón hjeraðslæknisins, er skoði hann að sóttkviunartímanum liðnum og finni ekkert við heilbrigði hans að athuga.

Þetta er yður, herra sýslumaður, hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar, að því viðbættu, að nefndum Boga Magnússyni hefir verið tilkylnt þetta hjeðan.